

RIKISSAKSÓKNARI

Alþingi

Erindi nr. D/113 1642
komudagur 14/2 1991

Reykjavík, 14. febrúar 1991.

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Með því að undirrituðum hafa verið kynntar aths. við þær skriflegu brtt., sem orðaðar voru og sendar háttv. allsherjarnefnd Ed. af hálfu ákærvalds þykir okkur rétt að taka eftirfarandi fram.

Okkur þykja brtt. okkar í heild fá heldur dræmar undirtektir. Þó þykir okkur steininn taka úr, ef með því frv., sem nú er ætlað að lögfesta og felur vissulega í sér í ýmsum efnum margháttaðar réttarbatúur, fást ekki lögfest ákvæði um tiltekinn frest til birtingar ákæruskjala fyrir ákærðum mönnum, eins og lagt var til með 7. brtt. okkar varðandi 3. tölul. 120.gr. frv.

Umrædd brtt. er ekki einvörðungu til aðhalds héraðsdómstólum og dómurum um upphaf málsmeðferðar heldur og ekki síður til þess að tryggt verði að ákærður maður fái um það vitneskju, innan tiltekins frests frá útgáfudegi ákæru, að ákæra á hendur honum hafi verið gefin út, en ærin reynsla er fyrir því að aðhalds er þörf í þessum efnum og því að okkar mati nauðsyn að kveða á um tiltekna fresti í þeim efnum.

Við leyfum okkur því að áréttta sérstaklega þessa brtt., og vantom þess að hún nái inn í frv.

Þá viljum við jafnframt áréttta 9. brtt. okkar varðandi 3. tölul. 133.gr. frv., sem hvetur til þess að ákærður maður skuli að öðru jöfnu vera viðstaddur dómsuppsögu, en dómari geri ella nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 20.gr.frv. til birtingar dóms.

Brtt. þessi er, með tilvísun í 20.gr. frv., í fullu samræmi við aðra skipan frv. á verkaskiptingu á milli dómstóla og framkvæmdavalds (ákæranda) en ekki í andstöðu, eins og segir í aths. um þessa brtt. Nóg er nú af ákvæðum í

frv. er kveða á um sendingar á ákærum, úrskurðum og dómum á milli dómara og lögreglustjóra, þó því verði afstýrt að óbirta dóma skuli senda ríkissaksóknara sem ákæranda til þess að hann sjái um framsendingu þeirra til viðkomandi lögreglustjóra svo dómar fái birtir.

Við leyfum okkur því að vanta þess að þessi brtt., sem að okkar mati er bæði til augljóss hagræðis og flýtis við að koma fram birtingu á dómi, nái fram að ganga.

Rökstuðning gætum við fært fram fyrir öðrum brtt. okkar, en ofangreindar tvær brtt. teljum við þýðingarmestar og leggjum því áherslu á að þær fái framgang.

Með virðingu

Þorvaldur Gíslason
Þorvaldur Gíslason

Til allsherjarnefndar Ed.
b.t. Þórðar Bogasonar
Alþingi.